

Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2019-2020

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara. Í raun hafa ákvarðanir verðlagsnefndar um heildsöluverð áhrif á allar vörur sem aðildarfélög SAM framleiða.

Á tímabilinu 1. júlí 2018 – 30. júní. 2019, var verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Friðrik Már Baldursson, formaður nefndarinnar tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sindri Sigurgeirsson og Margrét Gísladóttir tilnefnd af Bændasamtökum Íslands (BÍ), Rögnvaldur Ólafsson og Jóhanna Hreinsdóttir tilnefnd af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), Ágúst Sigurður Óskarsson og Ásta Björg Pálmadóttir tilnefnd af félags- og jafnréttismálaráðherra. Einnig var Hálfván Óskarsson tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem áheyrnarfulltrúi í nefndina sem fulltrúi minni vinnslufyrirtækja mjólkur.

Þessi verðlagsnefnd fundaði ekkert á árinu 2019 og lauk sínum skipunartíma 30. júní 2019

Samkvæmt búvörulögum skal tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd búvöru vera lokið 15. júní ár hvert, en nefndin skal vera fullskipuð 1. júlí ár hvert (samkvæmt 7. gr. laga númer 99/1993).

Töluverður dráttur varð á því að skipað væri í nýja verðlagsnefnd og það var ekki fyrr en í lok október 2019 sem ný nefnd var skipuð.

Ný verðlagsnefnd búvara er skipuð eftirtöldum fulltrúum. Friðrik Már Baldursson, formaður nefndarinnar tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Arnar Árnason og Guðrún Lárusdóttir tilnefnd af Bændasamtökum Íslands (BÍ), Jóhanna Hreinsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson tilnefnd af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), Ragnar Árnason og Helga Ingólfssdóttir tilnefnd af félags- og jafnréttismálaráðherra. Einnig er Hálfván Óskarsson tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem áheyrnarfulltrúi í nefndina sem fulltrúi minni vinnslufyrirtækja mjólkur.

Verðlagsnefnd búvöru hélt tvo bókaða fundi í desember 2019.

Á fundi nefndarinnar 23. desember 2019 var ákveðið að hækka grundvallarverð á mjólk til bænda og heildsöluverð mjólkurvara eins og eftirfarandi fréttatilkynning ber með sér:

“Verðlagsnefnd búvara hefur tekið ákvörðun um að hækkun lágmarksverðs mjólkur til bænda og heildsöluverðs á mjólk og mjólkurafurðum sem nefndin verðleggur. Eftirfarandi verðbreytingar munu taka gildi þann 1. janúar 2020.

- Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar um 2,5%, úr 90,48 kr. í 92,74 kr.
- Heildsöluverð mjólkur og mjólkurafurða sem nefndin verðleggur hækkar um 2,5%.

Verðhækkunin er til komin vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu og vinnslu mjólkur, en síðasta verðbreyting fór fram 1. september 2018. Frá síðustu verðlagningu hafa gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hækkað um 5,9% og reiknuð hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva hækkað um 5,2%.”

Á fundi nefndarinnar 4. febrúar 2020 voru verklagsreglur verðlagsnefndar samþykktar. Verklagsreglurnar draga fram meginatriði IV. kafla búvörulaga nr. 99/1993 um verkefni og nefndarinnar auk verklags við verðákvarðanir og annara verkefna.

Fulltrúar SAM í verðlagsnefnd búvöru þakka farsælt samstarf í nefndinni á árinu.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Jóhanna Hreinsdóttir

Pálmi Vilhjálmsson